

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á skipulagsskrá fyrir Vísindasjóð Krabbameinsfélags Íslands, nr. 195/2016.

1. gr.

Stjórn sjóðsins hefur samþykkt eftirfarandi breytingu á skipulagsskrá sjóðsins:

7. gr. skipulagsskrárinnar verður svohljóðandi:

Tekjur Vísindasjóðs Krabbameinsfélags Íslands auk vaxta af stofnframlagi eru minningargjafir, erfðagjafir, aðrar gjafir, áheiti og önnur framlög sjóðnum til styrktar.

Fyrirtæki eða einstaklingar geta orðið styrktaraðilar sjóðsins að uppfylltum skilyrðum í starfsreglum sjóðsins. Meðal skilyrða sem uppfylla þarf er að starfsemi viðkomandi styrktaraðila sé ekki í andstöðu við gildi og stefnu Krabbameinsfélagsins.

8. gr. skipulagsskrárinnar verður svohljóðandi:

Sjóðstjórn hefur árlega til ráðstöfunar tekjur sjóðsins á liðnu starfsári, þar með taldar vaxtatekjur. Jafnframt hefur sjóðstjórn heimild til þess að verja allt að 10% af höfuðstól sjóðsins til styrkveitinga án þess þó að ganga á óskerðanlegan hluta sjóðsins, sbr. 2. mgr. 4. gr.

Stjórn sjóðsins auglýsir eftir umsóknum um rannsóknarstyrki í byrjun febrúar ár hvert og annast styrkveitingar úr sjóðnum að fenginni umsögn vísindaráðs Krabbameinsfélagsins. Hlutverk vísindaráðs er að leggja mat á gæði umsókna, færni rannsakenda o.fl. samkvæmt nánari fyrirmælum í úthlutunarreglum sjóðstjórnar, sbr. 3. mgr. 5. gr.

Við ákvörðun um úthlutun styrkja skal sérstaklega horft til þess að hluti verkefna uppfylli skilyrði sjóðs Kristínar Björnsdóttur fyrrverandi starfsmanns Sameinuðu þjóðanna. Slíkt er unnt að gera í árlegri úthlutun eða stærri úthlutun á allt að fimm ára fresti samkvæmt ákvörðun stjórnar sjóðsins og samkvæmt sérstökum úthlutunarreglum um stærri úthlutunir, sem stjórn setur á grundvelli þessarar málsgreinar.

2. gr.

Ofangreind breyting á skipulagsskrá fyrir Vísindasjóð Krabbameinsfélags Íslands staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

F.h. sýslumannsins á Norðurlandi vestra, 10. janúar 2024,

Björn Hrafnkelsson.

Auður Steingrimsdóttir.